

178

30. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar,
nr. 72 27. apríl 1946.

1. gr. reglugerðarinnar breytist þannig, að í stað orðanna „á löggiltri verzlunar-lóð Siglufjarðar“ komi: innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, undanskilið er þó Héðinsfjörður, Dalir og Siglunes.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. september 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Jón S. Ólafsson.

- 179 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Signýjarsjóð“, útgefin á venjulegan
3. okt. hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. október 1947.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Signýjarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Signýjarsjóður og er stofnaður til minningar um Signýju sál. Valdímarsdóttur frá Leysingjastöðum í Hyammssveit, er lézt hinn 8. marz 1946.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.00, sem er gjafafé frá vinum hinnar látnu.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að standa straum af verðlaunagjöfum til barna og unglinga, sem sýna sérstaka iðni og siðprýði við nám í heimavistarskólanum að Laugum í Sælingsdal, Dalasýslu.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, en allar árlegar rentur mega ráðstafast samkvæmt því, er segir í 3. gr.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Rentur af höfuðstól sjóðsins;
- b. gjafir og áheit, sem berast kunna;
- d. ágóði af samkomum, er haldnar kunna að verða til ágóða fyrir sjóðinn.